Ef það er nauðsynlegt fyrir aðstoðarmanninn að gegna áfram embætti sínu og halda völdum sínum í því skyni að koma í veg fyrir að óska þurfi eftir „Kafli 15 meðferð“ á ný til að tryggja að meðferðin hljóti viðurkenningu fyrir bandarískum dómstólum er lagt til að áframhaldandi skyldur/hlutverk aðstoðarmannsins skulu vera skýrt afmarkaðar.

Að því marki sem hlutverk aðstoðarmannsins og slitastjórnarinnar skarast eða réttarfarslegar kröfur til hvers um sig skarast skal kveða skýrt á um hvað skuli gilda. Þess skal getið sérstaklega að þegar neyðarvöldum þeim sem lýst er í bráðabirgðaákvæði IV í grein 11 í frumvarpinu er beitt skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til og (að því marki sem hægt er) forðast að stefna hagsmunum kröfuhafa viðkomandi fjármálafyrirtækis í hættu.

7. Þess skal getið að þeir lögræðilegu ráðgjafar sem hafa komið að undirbúningi þessa minnisblaðs og umbjóðendur okkar taka breytingatillögum sem frumvarpið leggur til fagnandi og telja að þær séu stórt skref til umbóta. Framangreindar athugasemdir ættu að lesast í því samhengi, markmið athugasemdanna er að bæta frumvarpið og aðstoða við að ná markmiðum þess. Við viljum gjarna fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið og hlökkum til frekari uppbyggjandi samstarfs við lagasmíðina. Til að fyrirbyggja misskilning, áskiljum við umbjóðendum okkar fullan rétt í tengslum við þær aðgerðir sem eiga sér stað á Íslandi, þ.m.t. vegna þeirra aðgerða sem frumvarpið leggur til.

20. mars 2009

COMMENTS ON THE LEGISLATIVE BILL AMENDING THE ACT ON FINANCIAL UNDERTAKINGS, NO. 161/2002, WITH SUBSEQUENT AMENDMENTS

1. The comments set out below on the Legislative Bill amending the Act on Financial Undertakings, No. 161/2002, with subsequent amendments, as presented for its first reading to the Athingi at the 136th legislative session, 2008-2009 (the “**Bill**”), reflect a synthesis of the views of the following:

- (A) Lex, who act as Icelandic legal advisers to, among others:
 - (i) the UK Financial Services Compensation Scheme, which, as operator of the UK depositor compensation scheme, is (on behalf of itself and Her Majesty’s Treasury) the assignee of the rights of depositors with the London branch of Landsbanki Íslands hf (“**Landsbanki**”);
 - (ii) Dutch local authorities, which have claims against Landsbanki in their capacity as depositors;
- (B) Logos Legal Services, who act as Icelandic legal advisers to, among others, the UK Local Government Association, and its member UK local authorities who have claims against Landsbanki (and the other insolvent Icelandic banks) in their capacity as depositors;
- (C) Slaughter and May, who act as English legal advisers to Her Majesty’s Treasury and the UK Financial Services Compensation Scheme;
- (D) Bevan Brittan LLP, who act as English legal advisers to, among others, the UK Local Government Association and UK local authorities; and
- (E) Stibbe N.V., who act as Dutch legal advisers to, among others, Dutch local authorities who have claims against Landsbanki in their capacity as depositors.

In addition, the comments below have been shared and (prior to their formulation in the form of this memorandum) discussed with the Resolution Committee appointed in respect of Landsbanki.

2. The comments on the Bill set out in this memorandum are of general application. However, since they have been prepared by the legal advisers to creditors of Landsbanki (and, in some cases, the other insolvent Icelandic banks), they naturally focus on those aspects of the Bill (including, in particular, the “temporary provisions” set out in Article 11 of the Bill) which are most directly applicable to Landsbanki (and the other insolvent Icelandic banks which are currently subject to the special moratorium process in Iceland).

3. The comments set out below are limited to those which were felt to be of greatest significance in the present context. In general, no detailed drafting suggestions have been made. However, the legal advisers who have been involved in the preparation of this memorandum would be pleased to provide more detailed comments, or answer any questions about the content of this memorandum, upon request.

4. In addition, it is recognised that there may be differences between the unofficial translation in English and the Icelandic version of the Bill, the wording of which may already reflect the comments set out below.
5. These comments are made on the understanding that the winding up process and any changes to the existing moratoria implemented by the Bill will be automatically recognised in EEA member states under article 3 of the EU Directive on Reorganisation and Winding up of Credit Institutions 2001/24/EC.
6. Our comments on the Bill are as follows:
 - (1) **Terminology.** In order to ensure that the provisions of the Bill are as clear and unambiguous as possible, it would be helpful to use technical terms (such as “bankruptcy” and “winding up process”) consistently and to create new terms for new concepts.
 - (2) **Duties to creditors:** We understand that it is intended that a winding up committee (and, to the extent relevant, a resolution committee) should act in the interests of creditors of the relevant institution. This is very important, and so this duty should be expressly set out in the Bill.
 - (3) **Article 7:** “Creditors’ meetings” should be defined as meetings of creditors called by a winding up committee for the purposes outlined in Article 7 (they are not meetings of a winding up committee itself). The ability for a winding up committee to make interim distributions is welcome. We note, however, that there is no exemption to paragraph 3 of article 99 of the Act on Bankruptcy, etc. 1991, No 21, 26 March and propose that the inclusion of such an exemption be considered.
 - (4) **Article 8:** The powers of a winding up committee to determine at what time assets are to be realised and the objective which such a committee must have in mind when realising assets should be defined clearly and carefully (in order to minimise disputes and challenges to any such committee’s decisions). It would be preferable to require a winding up committee, when disposing of assets (including by settling claims, etc.), to obtain “the best price reasonably achievable in the circumstances” (a concept recognised internationally - rather than the ‘highest possible price’) and to allow such a committee the discretion, when determining when to realise assets, to balance (a) the need to settle creditors’ claims and conclude the winding up process within a reasonable period, and (b) the need to avoid the disposal of assets at prices significantly below full value.
 - (5) **Article 11:** It is important to ensure that, to the extent that a resolution committee and a winding up committee are to co-exist in respect of any institution, the role of each is clearly defined. Having spoken to the Landsbanki Resolution Committee, we propose specifying that a resolution committee should (subject to the oversight of a winding up committee) continue to be responsible for the winding down of the relevant institution’s business and the

protection and realisation of its assets, whilst a winding up committee should be responsible for all other aspects of the insolvency process (including obtaining and processing creditors' claims, dealing with disputes involving creditors and determining and effecting both interim and final distributions). We also propose that the "assistant" under the moratorium process should either stand down or become a member of the relevant resolution committee (rather than the winding up committee) and should expressly cede his powers (to the extent that they remain relevant) to the winding up committee.

If it is necessary for the assistant to remain in office and retain his powers to avoid the need for fresh Chapter 15 filings to be made for recognition of the procedure before the US Courts, the ongoing duties/role of the assistant should be clearly set out. To the extent there is any overlap between his role and that of the winding up committee and/or the procedural requirements of each process it should be made clear which shall prevail. It should also be specifically provided that, in exercising any of the emergency powers listed in Temporary Provision IV of Article 11, the Financial Supervisory Authority should have regard to, and (to the extent possible) avoid prejudicing the interests of, creditors of the relevant institution.

7. It should be noted that the legal advisers who have been involved in the preparation of this memorandum, and our respective clients, broadly welcome the amendments contemplated by the Bill and believe that it represents a major, and important, step forward. The foregoing comments should, accordingly, be understood in this context – the intention behind them is to enhance the Bill and assist in the achievement of its objectives. We welcome the opportunity to comment on the draft Bill and look forward to further constructive engagement in the legislative process. For, the avoidance of any doubt, however, we fully reserve all rights of our respective clients in relation to the procedures taking place in Iceland including those which will be implemented by the Bill.

20 March 2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/1446
komudagur 24.3.2009

Alþingi
Viðskiptanefnd
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2009.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. Þskj. 693 – 409 mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands fékk til umsagnar ofangreint frumvarp og fara hér á eftir athugasemdir nefndarinnar. Fulltrúi laganefndar hefur jafnframt komið á fund nefndarinnar og reifað helstu athugasemdir laganefndar.

Að mati laganefndar eru breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpinu á gildandi lögum til mikilla bóta en telja má ljóst að núverandi lagaumhverfi fjármálastofnana er engan veginn fullnægjandi til að leysa úr stöðu þeirra fjármálafyrirtækja sem starfa nú undir skilaneftindum. Þannig eru lagðar til nýjar almennar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja þar sem almennar reglur gjaldþrotaréttarins eru lagðar til grundvallar, m.a. um innköllun, skiptastjórn og afstöðu til krafna, eftir atvikum með dómsúrlausn, en jafnframt tekið mið af sérstöðu fjármálafyrirtækja.

Með frumvarpinu er lögð til ákveðin endurskoðun á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og gerðar tillögur um hvernig fara skuli með fjármálafyrirtæki sem á í verulegum fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum en í tillögunum er áfram gert ráð fyrir heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækis líkt og heimilað var í lögum 125/2008, en þó á ólíkum forsendum en heimild gildandi laga byggir á. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu er með XII. kafla gildandi laga innleidd ákvæði tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Meðal réttarverkana tilskipunarinnar er að tilteknar aðgerðir sem teljast til endurskipulagningar og slita lánastofnana og er gripið til af hálfu stjórnvalda eða dómstóla hafa gildi á öllu EES-svæðinu. Í gildandi lögum er endurskipulagning fjárhags lánastofnunar skilgreind í 98. gr. og tekið fram að heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamninga samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, teljist endurskipulagning. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur greiðslustöðvun íslensku bankanna haft þau áhrif að ekki hefur verið hægt að leita fullnustu gagnvart umræddum bönkum, hvorki hér á landi né annars staðar á EES-svæðinu. Ákvæði 100. gr. a. gildandi laga um sérstakar ráðstafanir sem heimilaði Fjármálaeftirlitinu að taka yfir stjórn bankanna og skipa þeim skilaneftindir voru hins vegar ekki felldar undir skilgreiningu laganna um að vera endurskipulagning í fyrrgreindum skilningi og af þeirri ástæðu var erlendum lánardrottnum bankanna kleift að hefja fullnustu krafna sinna gagnvart þeim allt þar til þeim var veitt heimild til greiðslustöðvunar en sú aðgerð kom bönkunum undir gildissvið tilskipunarinnar. Laganefnd vekur athygli nefndarinnar á því að ákvæði 5. gr. frumvarpsins um afhendingu fjármálafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar telst **ekki** endurskipulagning fjárhags lánastofnunar í skilningi tilskipunarinnar. Á þeim þremur mánuðum sem bráðabirgðastjórn stýrir viðkomandi lánastofnun nýtur hún ekki verndar fyrrgreindrar tilskipunar og geta lánardrottnar því gengið að eignum hennar utan Íslands en benda má á að

algennt er í samningum banka við erlenda aðila að aðgerðir á borð við þessa valdi því að viðkomandi samningar gjaldfalli. Að mati laganefndar er full ástæða til að telja skipun bráðabirgðastjórnar til endurskipulagningar í skilningi tilskipunarinnar og leggur því til að skipun bráðabirgðastjórnar verði felld undir skilgreiningu 1. mgr. 98. gr. gildandi laga á endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar.

Að mati laganefndar er það sérkennilegt að á meðan frumvarpið leggur til nýjar reglur um slitameðferð stendur til að beita þeim aðeins að hluta til um þau fjármálafyrirtæki sem nú þegar er verið að endurskipuleggja fjárhag hjá samkvæmt ákvæðum laganna en að mati laganefndar er það til þess fallið að valda tortryggni gagnvart því ferli. Við ritun umsagnar þessarar hafa fjögur fjármálafyrirtæki heimild til greiðslustöðvunar og er fjallað sérstaklega um stöðu þeirra í ákvæðum til bráðabirgða við lögin.

Það vekur athygli laganefndar að öll fjögur fjármálafyrirtækin sem nú eru í greiðslustöðvun eru sett undir sama hatt í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpinu þrátt fyrir að staða þeirra geti verið mismunandi í reynd. Þannig er lagt til að heimild til greiðslustöðvunar gildi áfram um þau svo lengi sem sú heimild standi en þrátt fyrir að fjármálastofnanirnar skuli áfram vera í greiðslustöðvun eru þær komnar í slitameðferð í reynd. Að auki er lagt til að ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gildi ekki um „slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir“ en umræddur kafli laganna ber reyndar heitið Réttaráhrif greiðslustöðvunar. Þegar heimild til greiðslustöðvunar rennur út á fyrirtækið svo án atbeina dómstóla að fara í formlega slitameðferð. Hér má benda á að þetta fyrirkomulag er til þess fallið að vekja upp spurningar um gildi þeirra meðferða sem bráðabirgðaákvæði laganna leggja til. Samkvæmt áður nefndri tilskipun þarf úrskurð dómstóls eða stjórnvalds til að lánastofnun teljist vera komin í slitameðferð. Ákvæði frumvarpsins leggja til að héraðsdómstóll veiti heimild til slíkrar meðferð nema í tilvikum þeirra fjármálastofnana sem nú þegar eru með heimild til greiðslustöðvunar en samkvæmt þeim skal slitameðferð hefjast sjálfkrafa þegar heimild til greiðslustöðvunar lýkur. Hér er sú hættu fyrir hendi að erlendur dómstóll telji að formleg slitameðferð í skilningi tilskipunarinnar sé í reynd ekki hafin þar sem úrskurð héraðsdómstóls skorti og því verði slitameðferðin ekki viðurkennd utan Íslands.

Eins og rakið er fyrir í umsögn þessari veitir tilskipun 2001/24/EB lánastofnunum sem teljast vera í endurskipulagningu tiltekna vernd gegn skuldheimtumönnum á EES-svæðinu. Það sama gildir um lánastofnanir sem eru í formlegri slitameðferð en samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skal slík slitameðferð viðurkennd alls staðar á EES-svæðinu án frekari formaskilyrða um leið og hún hefur verið formlega heimiluð af stjórnvöldum eða dómstólum.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins (2. tölul. 3. efnismgr.) skal umboð bráðabirgðastjórnar fjármálafyrirtækis með heimild til greiðslustöðvunar haldast þar til einn mánuður er liðinn frá því að þeirri heimild lýkur. Laganefnd leggur til að núverandi skilaneftendum verði falið hlutverk slíkrar bráðabirgðastjórnar. Eftir samþykkt laganna geta skilaneftirnir/bráðabirgðastjórnirnar hver um sig lagt mat á hvort halda skuli áfram í greiðslustöðvun eða hvort sótt verði um slitameðferð. Slík málsmeðferð mun jafnframt falla vel að áður nefndri tilskipun og ekki mun vakna vafi á því að hún gildi á öllu EES-svæðinu. Laganefnd telur að leitast eigi við að koma fjármálastofnunum sem nú eru í greiðslustöðvun inn í það ferli sem frumvarpið leggur til og að forðast beri að láta sérreglur gilda um þær þar sem slíkt sé til þess fallið að ala á tortryggni gagnvart löggjafarvaldinu til frambúðar.

Að síðustu bendir laganefnd á eftirfarandi:

Í 7. gr. frumvarpsins segir eftirfarandi:

„Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga.”

Almennt gjaldfalla allar kröfur þegar fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota og á grundvelli þess er kröfum lýst í þrotabú. Í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um á hvaða öðrum tímavarki kröfur teljast gjaldfallnar en geymi samningar ekki heimildir til gjaldfellingar við slitameðferð viðkomandi fjármálafyrirtækis gæti þetta ákvæði haft þær afleiðingar að einhverjir kröfuhafar geti ekki gjaldfellt kröfur sínar þrátt fyrir að innköllun sé hafin en ekki er ljóst hvort þetta kunni að valda vandkvæðum í framkvæmd.

Þá telur laganefnd það álitamál hvort það samræmist meginreglum um hæfi að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun verði sjálfkrafa skipaður í slitastjórn skv. lokamálslið II. kafla bráðabirgðaákvæða frumvarpsins. Hingað til hefur staða aðstoðarmanns við greiðslustöðvun leitt til hins gagnstæða þ.e. til sjálfkrafa vanhæfis, m.a. á grundvelli b-liðar 5. mgr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Er því álitamál hvort ofangreind regla frumvarpsins um sjálfkrafa skipun aðstoðarmanns í slitastjórn standist almennt viðurkenndar hæfisreglur. Má telja líklegt að upp kunni að koma þær aðstæður að aðstoðarmaðurinn þurfi í slitastjórn að endurskoða ákvarðanir sem hann tók sem aðstoðarmaður í greiðslustöðvun. Hlýtur það að teljast óæskilegt.

Af hálfu Laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva B. Helgadóttir, hrl.

Alþingi
Erindi nr. P 136/1509
komudagur 31.3.2009

From: Ólafur Garðarsson [mailto:olafur@icelaw.is]
Sent: 31. mars 2009 13:49
To: Seima Hafliðadóttir
Subject: FW: Viðskiptanefnd

Sæl Selma.

Ég kom á fund viðskiptanefndar í morgun vegna frumvarps til laga um breytingar á l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fram á kvöld í gær var ég á netinu til að kynna mér framkomnar breytingartillögur. Ég varð því mjög undrandi þegar ég koma af fundinum í morgun og sá að enn ein breytingartillaga lá fyrir, nefnilega þskj. Nr. 858 en efni hennar þekkti ég auðvitað ekki fyrir fundinn. Steinunn Guðbjartsdóttir hrl sem sat fundinn einnig sagði mér að þessi tillaga hefði legið á borðinu og hefði hún séð hana þegar nokkuð var liðið á hann. Ég sá hana aldrei.

Í þessari tillögu er einkum einn liður sem ég vil einkum gera athugasemdir við og vil ég biðja þig að koma þeim áleiðis til viðskiptanefndar í ljósi ofangreinds.

- i) Þrátt fyrir að hafa ekki vitað að leggja ætti skilaneftarmenn af eftir 6 mánuði kom ég því skýrt frá mér að ef skipa ætti nýjar skilaneftarmenn þá tæki það nýja menn amk 4-5 mánuði að öðlast þá þekkingu sem skilaneftarmenn hafa. Núverandi skilaneftarmenn hjá Kaupþingi hafa komið fyrstir og farið síðastir flesta starfsdaga. Þeir stýra bankanum frá degi til dags. Undir þeim er einvala starfslið sem hefur unnið gífurlegt starf á undanförunum mánuðum. Eins og ég gat um eru engir bankastjórar eða framkvæmdastjóri yfir bankanum. Ekki einu sinni bankastjórn. Skilaneftarmenn hafa því þurft að setja sig inn í nánast öll mál bæði stór og smá. Það að kippa þeim út og setja aðra í staðinn hefur það í för með sér að öll sú þekking sem orðin er til hjá skilaneftarmönnum hverfur. Aðstoðarmönnum í greiðslustöðvun, sem er mitt hlutverk, er mun auðveldara að skipta út. Okkar hlutverk er eftirlitshlutverk fyrst og fremst.

Ég var spurður að því hvernig kröfuhöfum litist á umrætt frumvarp og svaraði ég því til að þeir teldu eins og ég sjálfur að almennt væri það mjög til bóta. En það var áður en ég vissi af því að það ætti að leggja núverandi skilaneftarmenn niður eftir 6 mánuði. Ég er búinn að tala við nokkra kröfuhafa í dag og finnst þeim þetta vægast sagt slæm tillaga. Eins og ég gat um á fundinum í morgun þá hefur tortryggni erlendra kröfuhafa minnkað með hverjum fundinum og þeir finna að það er verið að vinna af heilindum við það að hámarka verðmæti búans. Það að fá nýja menn að borðinu til að fást við jafn sérhæft verkefni og hér er raunin telja þeir ekki af hinu góða.

Kær kveðja,

Ólafur Garðarsson hrl.
Aðstoðarmaður Kaupþings í greiðslustöðvun.

Réttarfarsnefnd

*Alþingi
Erindi nr. P 136/1333
komudagur 19.3.2009*

Viðskiptanefnd Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
150 Reykjavík


Reykjavík, 19. mars 2009.

Réttarfarsnefnd vísar til tölvubréfs viðskiptanefndar Alþingis, frá 17. mars sl., þar sem þess er farið á leit að réttarfarsnefnd skili umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (693 – 409. mál).

Réttarfarsnefnd tekur fram að þrír af nefndarmönnum tóku þátt undirbúningi málsins við samningu frumvarpsins.

Réttarfarsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f. h. réttarfarsnefndar


Benedikt Bogason, ritari

Alþingi
Erindi nr. P 136/1441
komudagur 23.3.2009

From: Jóna Björk Guðnadóttir [mailto:jona@sff.is]
Sent: 23. mars 2009 23:04
To: Selma Hafliðadóttir
Cc: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: slitafrumvarpið 409. mál umsögn SFF

Sæl Selma,

Hér að neðan eru athugasemdir sem SFF vilja gera í tengslum við slitafrumvarpið, 409. mál. Eins og fram kom á fundi nefndarinnar fyrir helgi telja SFF tilgang slitafrumvarpsins eðlilegan en samtökin vísa til athugasemda skilanefnda varðandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

SFF vilja nota tækifærið og gera athugasemdirnar sem þó varða ekki breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki heldur breytingar á gjaldprotalögum. Þar sem að málið varðar samt afleiðingar af slitum fjármálafyrirtækja má hugsa sér að reyna að splæsa svona lagabreytingu inn í slitafrumvarpið – þótt það varði breytingu á öðrum lögum. Mundi þá þýða að því yrði breytt í bandorm, sem er óvenjulegt eftir 1. umræðu en ekki fordæmalaust.

Ég sendi afrit til ritara allsherjarnefndar þar sem athugasemdirnar varða lög um gjaldprotaskipti.

Með góðri kveðju,
Jóna Björk Guðnadóttir

Hér eru smá þælingar um skuldajöfnuð við gjaldprotaskipti, en við teljum ástæðu til þess að breyta þeim reglum.

Núgildandi ákvæði í 100. gr. laga um gjaldprotaskipti um skuldajöfnuð leiðir í mörgum tilvikum til einkennilegra niðurstöðu í því ferli sem nú stendur yfir. Núverandi lög girða fyrir skuldajöfnun hafi krafa viðskiptavinar skuldarans orðið til 90 dögum fyrir gjaldprot. Auðsýnilega er tilgangur þessa ákvæðis að fyrirbyggja að kröfuhafar takist á hendur skuldbindingar gagnvart ógjaldfæru félagi í aðdraganda gjaldprotis beinlínis til þess að geta nýtt til skuldajafnaðar.

Má ljóst vera að óverulegur hluti, svo ekki sé fastar að orði kveðið, af viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja við viðskiptabankana síðustu vikurnar fyrir hrun þeirra á rót að rekja til þess að kröfuhafi hafi viljað skapa sér stöðu til að geta nýtt skuldina til skuldajafnaðar. Virðist einnig býsna ósanngjarnt og óeðlilegt að gera algeran greinarmun á stöðu kröfuhafa sem eignast hafa kröfu sína fyrir og eftir þetta tímamark, en eiga að öðru leyti fullkomlega sambærilegar kröfur.

Enn fremur gera lögin engan greinarmun á því hvort krafan hafi orðið til í viðskiptum kröfuhafans við skuldarann eða hvort skuldarinn hafi fengið kröfuna framselda. Skiptir það verulegu máli, því framsalið er mun sterkari vísbending um að kröfunnar sé aflagð með skuldajöfnuð í huga. Danskur réttur gerir greinarmun að þessu leyti - 90 daga reglan gildir einvörðungu um kröfur sem þriðji maður hefur framselt kröfuhafanum.

Meðfylgjandi er dæmi um lagakvæði um skuldajöfnuð við gjaldþrotaskipti sem felur í sér annars konar nálgun (533. gr. bankarísku gjaldþrotaskiptalaganna “US Bankruptcy Code”). Þar er skuldajöfnuður heimilaður fram að “frestdegi”, nema krafan hafi verið framseld kröfuhafanum af öðrum en skuldaranum minna en 90 dögum fyrir gjaldþrotið, enda hafi skuldarinn þá verið orðinn ógjaldfær eða krafan verið framseld til að skapa rétt til skuldajöfnuðar. Í þessu ákvæði er sem sagt gert ráð fyrir skuldajöfnuði vegna krafna sem verða til allt fram á frestdag, nema atvik bendi til þess að tilurð þeirra sé “suspect”.

Breyting í þessa veru á íslenskum lögum myndi leiða til þess að sambærileg mál fengu sams konar meðferð í slitameðferð viðskiptabankanna. Virðist þetta allt eins geta átt heima í 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um meðferð krafna. Er það ákvæði reyndar óljóst varðandi skuldajöfnuð, því tekið er fram að kröfur falli ekki sjálfkrafa í gjalddaga við slitameðferð, en gjalddagi krafna er vitaskuld forsenda skuldajöfnuðar.

553. Setoff

(a) Except as otherwise provided in this section and in sections 362 and 363 of this title, this title does not affect any right of a creditor to offset a mutual debt owing by such creditor to the debtor that arose before the commencement of the case under this title against a claim of such creditor against the debtor that arose before the commencement of the case, except to the extent that—

(1) the claim of such creditor against the debtor is disallowed;

(2) such claim was transferred, by an entity other than the debtor, to such creditor—

(A) after the commencement of the case; or

(B)

(i) after 90 days before the date of the filing of the petition; and

(ii) while the debtor was insolvent (except for a setoff of a kind described in section 362

(b)(6), 362 (b)(7), 362 (b)(17), 362 (b)(27), 555, 556, 559, 560, or 561); or

(3) the debt owed to the debtor by such creditor was incurred by such creditor—

(A) after 90 days before the date of the filing of the petition;

(B) while the debtor was insolvent; and

(C) for the purpose of obtaining a right of setoff against the debtor (except for a setoff of a

kind described in section 362 (b)(6), 362 (b)(7), 362 (b)(17), 362 (b)(27), 555, 556, 559, 560, or 561).



Alþingi
Erindi nr. P 136/1440
komudagur 24.3.2009

23. mars 2009
Sf-50460

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum, þskj. 693 – 409. mál.

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 17 mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á XII. kafla laganna um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki.

Afhending fjármálafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 100. gr. a sem lögleidd var með lögum nr. 125/2008. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpi þessu var ákvæðum laga nr. 125/2008 ekki ætlað að gilda til frambúðar enda var verið að bregðast við mjög óvenjulegu ástandi. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að skipa fjármálafyrirtæki, sem eftir því leitar, bráðabirgðastjórn. Seðlabankinn tekur undir að þörf sé á ákvæði af þessu tagi til frambúðar.

Sú staða getur komið upp að fjármálafyrirtæki tilkynni Fjármálaeftirlitinu ekki um versnandi stöðu. Stjórnendur fyrirtækisins gera Fjármálaeftirlitinu ekki viðvart um málefni sem þeir hafa vitneskju um að hafi úrslitapýðingu fyrir áframhaldandi rekstur félagsins. Fjármálaeftirlitið kann e.t.v. að sjá við yfirferð skýrsluskila að staðan er orðin óviðunandi eða slíkt kemur fram í tengslum við eftirlitsheimsókn. Þrátt fyrir þetta ber að hafa hugfast að fjárhagsstaða fjármálafyrirtækis getur breyst á mjög skömmum tíma til hins verra. Seðlabankinn telur því að skerpa megi á orðalagi 1. ml. 1. mgr. og í stað orðsins “getur” stjórn þess upp á sitt einsdæmi leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið, komi orðið “beri” stjórn þess.

Réttaráhrif dómsúrlausnar um slitameðferð

Í II. – IV. kafla laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum er kveðið á um réttaráhrif þess að bú fjármálafyrirtækis

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



sem er þátttakandi í greiðslukerfi er tekið til gjaldþrotaskipta. Í 4. gr. laganna segir m.a. að öll greiðslufyrirmæli, svo og greiðslujöfnun, skuli vera að öllu leyti bindandi gagnvart þriðja manni, jafnvel þó að bú þátttakanda sem fyrirmælin gaf sé tekið til gjaldþrotaskipta, enda séu fyrirmælin komin til greiðslukerfisins áður en úrskurður um gjaldþrot er kveðinn upp. Í 5. gr. segir að uppgjörsaðili annist efndalok greiðslufyrirmæla í greiðslukerfi og að allar innstæður eða verðbréf á uppgjörsreikningum eða lántökuréttindi honum tengd sé uppgjörsaðila heimilt að nota til uppgjörs skuldbindinga þátttakanda gagnvart greiðslukerfi á þeim degi sem gjaldþrotaskipti hefjast. Í 9. gr. segir að um veðtryggingu sem veitt er í rafréfum, eða erlendum verðbréfum sem eru rafrænt skráð á viðurkenndan hátt að lögum, skuli að öllu leyti fara fram samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn skráning verðbréfa fer fram.

Lög nr. 90/1999 eru innleiðing á tilskipun 98/26/EB¹ um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og telur Seðlabankinn nauðsynlegt að væntanleg breyting á lögum nr. 161/2002 raski ekki gildi þessara ákvæða. Æskilegt væri að þetta kæmi fram í lagatextanum.

Tilkynning um slitameðferð

Í 6. gr. laga nr. 90/1999 er kveðið á um að hafi bú þátttakanda verið tekið til gjaldþrotaskipta skuli héraðsdómari tilkynna það þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, með símskeyti, símbréfi eða rafrænum hætti. Í 3. mgr. 99. gr. laga 161/2002 með síðari breytingum er hins vegar eingöngu kveðið á um að dómstóll skuli sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni lánastofnunar um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Fullt samræmi virðist því ekki vera þarna á milli laga og æskilegt væri að þetta kæmi fram með beinum hætti í væntanlegri breytingu á lögum nr. 161/2002.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir

Með lögum nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir var tilskipun 2002/47/EB² innleidd í íslenskan rétt. Í 6. gr. þeirra laga er að finna sérákvæði um áhrif gjaldþrotaskipta og skuldajöfnuð til uppgjörs. Í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins segir að við slit fjármálafyrirtækis gildi sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. Seðlabankinn telur

¹ Directive 98/26/EC of the European Parliament and of the Council of 19 May 1998 on settlement finality in payment and securities settlement systems.

² Directive 2002/47/EC of the European Parliament and of the Council of 6 June 2002 on financial collateral arrangements.





mikilvægt að skýrt sé að væntanleg breyting á lögum nr. 161/2002 raski ekki gildi þessara ákvæða. Æskilegt væri að þetta kæmi fram í lagatextanum.

Meginatriði frumvarpsins eru nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir að skipuð verði sérstök slitastjórn sem hefur um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús. Slitastjórnin skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir efndatíma krafna fremur en að koma þeim fyrir í verð. Gert er ráð fyrir því að gefin verði út innköllun þar sem kröfuhöfum gefst kostur á að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar. Þá munu kröfuhafar með samsvarandi hætti og við gjaldþrotaskipti geta gætt hagsmuna sinna og átt þess kost að bera ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar undir dómstóla. Með frumvarpinu er verið að koma á mótis við þær athugasemdir sem kröfuhafar haf gert eftir bankahrunið og gera ferlið við slit bankanna gegnsærra.

Seðlabanki Íslands styður að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarbankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 136/1439
komudagur 23.3.2009

From: Erla Svanhvít Árnadóttir [mailto:erla.svanhvit.arnadottir@glitnirbank.com]
Sent: 23. mars 2009 15:24
To: Selma Hafliðadóttir
Cc: Þórdís Bjarnadóttir; Steinunn Guðbjartsdóttir
Subject: Athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

409. mál

Í framhaldi af umræðum á fundi viðskiptanefndar sl. fimmtudag Skilanefnd Glitnis Banka hf. og aðstoðarmaður bankans á greiðslustöðvunartímabili vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við fyrirbyggjandi lagafrumvarp:

1. Að verkaskipting skilanefndar og slitastjórna verði afmarkað nánar. Það mætti gera með því að bæta í II lið 3. tl. bráðabirgðaákvæðis eftirfarandi tilvísunum:
 - a. 1 og 2. mgr. 103 gr. a.
 - b. 1. ml. 3. mgr. og 2. ml. að orðunum “og boða til kröfuhafafundar”.
 - c. 4. ml. 3. mgr. 103. gr.
 - d. 1. og 2. ml. 4. mgr.
 - e.
2. Lagt er til að sett verði inn ákvæði þar sem fram komi að skilanefndarmenn, slitastjórnamenn og aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartímabili verði ekki bótaskyldir vegna ákvarðana sinna og aðgerða nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sambærilegt ákvæði var í 4. mgr. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki hvað varðar aðstoðarmann á greiðslustöðvunartímabili en frumvarpið gerir ráð fyrir að það verði fellt úr gildi. Lögð er áhersla á að þeir hagsmunir sem um ræðir í tilviki bankanna eru umtalsvert meiri en í nokkrum öðrum fyrirtækjum og að mati skilanefndar eðlilegt að taka tillit til þess.


Gott væri að þú staðfestir móttöku þessa tölvupósts.

Með kveðju,

Erla S. Árnadóttir
Meðlimur skilanefndar Glitnis Banka hf.
Member of the Resolution Committee of Glitnir Bank hf.



Hér að neðan má sjá viðbrögð stærstu lánadrottna og helstu ráðgjafa Kaupþings við breytingartillögunni á frumvarpi um fjármálafyrirtæki sem lögð var fram 30. mars sl. þar sem lagt var til að skilanefnd ljúki störfum 6 mánuðum eftir að lögin ganga í gegn og slitastjórn taki við.

Bingham er bandarískt lögfræðifyrirtæki sem starfar fyrir hönd fjölmargra af stærstu skuldabréfaeigendum bankans:



Alþingi
Erindi nr. P 136/1516
komudagur 1.4.2009

Þýsku fjármálafyrirtækin, Deutsche Bank og Bayern LB eru á meðal stærstu lánveitenda og skuldabréfaeigenda bankans:



Morgan Stanley er einn helsti ráðgjafi bankans og breska fjármálafyrirtækið Lloyds TSB er á meðal stærstu lánveitenda bankans:

RE: Changes in laws on "Financial Undertakings" - discontinue of RC's assignment - Message (HTML)

File Edit View Insert Format Tools Actions Help

Reply Reply to All Forward

SnapIt Window

From: Hofacker, Karsten (IBD) [Karsten.Hofacker@morganstanley.com] Sent: þri. 31.03.2009 18:24
To: Guðni Aðalsteinsson
Cc: Hepburn, John (IBD); Turowski, Dieter (IBD); Lindquist, Jakob (IBD); Cunningham, Michael (IBD); dominic.mccahill@weil.com
Subject: RE: Changes in laws on "Financial Undertakings" - discontinue of RC's assignment

Gudni,

Morgan Stanley fully agrees with the issues raised by the Resolution Committee below regarding the proposed changes in responsibility. Furthermore, if a new winding-up Board will need to be put in place and thereby the mandate of the current Resolution Committee will be effectively withdrawn, we expect that this would

- undermine the trust of creditors in the Icelandic system and the current restructuring process in Iceland
- likely lead to a further time delay in discussions between the Government and the Old Banks and its creditors for the recapitalization of the New Banks
- reduce the likelihood of achieving an agreement in the restructuring of the New Banks through the Resolution Committee and the creditors of the Old Banks organized through the Informal Creditor Committee given the loss in trust. As a consequence, currently contemplated solutions of equity investments in the New Banks by creditors/ Old Banks will become increasingly unlikely to find the creditor support and further jeopardize future support of the New Banks by the international creditor community.

We encourage the Parliament to consider instead a solution which would allow the Resolution Committee to remain in charge of the current process and develop a restructuring plan to be approved by creditors which allows creditors to maximize the value of their remaining assets.

Best,
Karsten Hofacker

Karsten Hofacker, Vice President
Morgan Stanley | Investment Banking Division

RE: Changes in on laws on "Financial Undertakings" discontinue of RC's assignment Message (HTML)

File Edit View Insert Format Tools Actions Help

Reply Reply to All Forward

SnapIt Window

You replied on 01.04.2009 06:21

From: russell.harvey@lloydstsb.co.uk Sent: mið. 01.04.2009 06:17
To: Guðni Aðalsteinsson
Cc: richard.conway@lloydstsb.co.uk
Subject: RE: Changes in on laws on "Financial Undertakings" - discontinue of RC's assignment

Gudni

It was good to speak yesterday. It is not surprising that changes are proposed, we have come to learn that laws and procedures change frequently in Iceland, not always for the benefit of the creditors.


We share a concern that this process may change, but without full sight of the objectives it is difficult to be too objective. It will be no surprise that we are frustrated with the pace of the RC progress at times, and that on several occasions our collective voice (as creditors) seems to be overlooked or ignored.

That being said, replacement of the RC in its whole, and the possibility of de-railing the Morgan Stanley process is something we would find unattractive. The very term "winding-up" suggests an accelerated process, and whilst things are much slower than we would all like, a change that damages value for creditors is not something we would welcome.

Best
Russell

Russell Harvey
Relationship Director | Business Support

Alþjóðlega lögfræðifræðifyrirtækið Weil Gotshal & Manges er helsti lögfræðiráðgjafi bankans:



Alþingi
Erindi nr. P 136/1514
komudagur 31.3.2009

Viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Álfheiður Ingadóttir, formaður
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2009

Skilanefnd Kaupþings vísar til frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, sem nú liggur fyrir Alþingi og fundar fulltrúa skilanefndar ásamt fleirum með viðskiptanefnd. Skilanefndin vill með erindi þessu ítreka athugasemdir þær sem settar voru fram á áður nefndum fundi auk þess að gera athugasemdir við þær breytingatillögur sem lagðar hafa verið til við frumvarpið af viðskiptanefnd Alþingis.

Áður en lengra er haldið ber að taka skýrt fram að skilanefnd Kaupþings tekur almennt undir mikilvægi þess að breyta þurfi núgildandi lögum til að búa til skýran og virkan farveg fyrir fjármálafyrirtæki, sem lenda í miklum vandræðum í rekstri sínum. Hefur það verið skoðun skilanefndar allt frá upphafi að slíkar breytingar séu nauðsynlegar til að taka á hugsanlegum vandamálum til framtíðar. Hins vegar þurfi að viðhafa mikla varfærni við breytingar hvað varðar þau fjármálafyrirtæki, sem þegar hafa verið tekin yfir á grundvelli svokallaðra neyðarlaga svo að sú vinna sem unnin hefur verið undanfarna mánuði fari ekki forgörðum. Ekki síður með hliðsjón af erlendum kröfuhöfum, sem telja að nóg sé komið af breytingum og kjósa frekar skýrt og einfalt ferli..

Skilanefnd Kaupþings banka hf. telur að frumvarp þetta feli í sér margskonar mikilvægar réttarbætur, sem fjármálafyrirtæki myndi njóta við slitameðferð (e. winding-up) sem ekki nýtur við núverandi aðstæður, svo sem virkjun riftunarákvæða gjaldþrotaskiptalaga, innköllunarferli, rýmri heimildir til ráðstöfunar eigna, möguleika til hlutagreiðslu til kröfuhafa o.s.frv. Allir þessir þættir er mikilvægir og jafnframt jákvæð skref varðandi íslenskt lagaumhverfi á þessu sviði. Engu að síður eru ákveðnir þættir í frumvarpinu sem skilanefndin telur að þurfi að breyta og verður að þeim vikið hér á eftir.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að bráðabirgðastjórn á grunni 100. gr. a hafi 3 mánuði til að taka afstöðu til þess í hvaða ferli beri að beina því fjármálafyrirtæki sem henni hefur verið falið að stjórna. Vert er að benda á að 3 mánuðir eru skammur tími þegar um er að ræða verkefni eins og að taka yfir fjármálafyrirtæki í fullum rekstri. Af reynslu skilanefndar er ljóst að þessi tímarammi dugar ekki til mikils meira en að átta sig á stöðu mála og öðlast þekkingu til að geta unnið af einhverri vissu að málefnum fyrirtækisins. Sérstaklega er þó vert að benda á að í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í því tilfelli sem óskað er slitameðferðar skuli á ný skipa 3-5 manna skilastjórn til að taka við stjórn fjármálafyrirtækisins. Slíkt fyrirkomulag getur beinlínis unnið gegn hagsmunum kröfuhafa og vinnur gegn megintilgangi frumvarpsins. Jafnframt telur skilanefnd liggja fyrir að umboð slíkrar bráðabirgðastjórnar væri mjög takmarkað enda um skammtímaverkefni að ræða en nauðsynlegt er að umboð slíkrar stjórnar sé skýrt. Í ljósi reynslunnar telur skilanefnd Kaupþings að ekki sé ráðlegt að skipta um stjórn fjármálafyrirtækis tvisvar sinnum á 3 mánuðum og að slíkar breytingar geti ekki orðið til annars en tjóns fyrir fyrirtækið og kröfuhafa þess.

Er því lagt til að frumvarpinu verði breytt með þeim hætti að gert sé ráð fyrir að bráðabirgðastjórn taki við sem skilastjórn komi til þess síðar í ferlinu. Þetta er nauðsynlegt til að markmiðum laganna um endurskipulagningu fjármálafyrirtækisins nái fram að ganga. Er í þessu sambandi lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert að hafa hæfisskilyrði þau sem aðilum

